

Samþykkt

44
20. maí

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefur, samkvæmt lögum nr. 28, 14. desbr. 1877 og lögum nr. 24, 4. desbr. 1886, gjört og hjeraðsfundur þar fallizt á eptirritaða

SAMÞYKKT

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Bannað er að hafa maðk eða skelfisk í beitu.

2. gr.

Frá 1. maí til 15. septbr. ár hvert, að þessum dögum báðum meðtöldum, skal bera niður allt slor á miðum kringum eyjarnar, sömuleiðis alla hausa (að heilagfiskis- og steinbitshausum undanteknum) á tímabilinu frá 15. júní til 15. ágúst, og má á þeim tímabilum, þegar bera á niður, enga hausa nje slor flytja í land í eyjarnar. Skera skal niður háf allan, sem aflast, hvenær sem er á árinu, og má ekkert af honum hirða, nje hafa með sjer í land, nema lifrina.

3. gr.

Á vetrarvertíð skulu ávallt, er út er róið, vera á hverju opnu skipi að minnsta kosti 8 pottar af lýsi, en á öðrum tímum 6 pottar að minnsta kosti. Skal kostnaðinum við útvegum lýsisins skipta niður sem afla af hinu opna skipi, en eigandi skipsins leggur til flát undir lýsið og að minnsta kosti 3 ýla í góðu standi. Formaður hefur ábyrgð á því, að fyrirmæla þessarar greinar sje gætt.

4. gr.

Frá 1. oktbr. til 12. maí ár hvert, að báðum dögum meðtöldum, skal áreiðanlegur kompás vera á hverju opnu skipi jafnan, er róið er, og skal formaður ábyrgjast, að þessa sje gætt.

5. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á »Leiðina« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Ef nokkuð er að »Leiðinni«, má eigi leggja opnum skipum á hana, hverju á móti öðru, heldur skal beðið eptir því skipinu, sem á »Leiðina« er lagt; en það skipið hefur forgangsrjett, er af sjó kemur.

6. gr.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu kýs 5 sjómenn í nefnd til þess að gæta þess, að fyrirmælum samþykktar þessarar sje fylgt. Kjósa skal fyrir hvert fardagaár. Enginn, sem stundar fiskiveiðar í sýslunni, getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþykktinni, þegar er þeim verður kunnugt um þau, svo og grunsemdir um brot.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—50 króna, en hlutdeild í

5. dag júnímán. 1893.

44 brotunum hálfu minna. Brjóti gæzlumenn þeir, sem talað er um í 6. grein, 20. maí samþykktina, eða vanræki skyldur þær, er þeim eru lagðar á herðar í nefndri grein, varðar það sektum frá 10 til 100 króna.

8. gr.

Öllum sektum fyrir brot gegn samþykkt þessari skal skipta í tvo jafna hluti, og falli annar hluturinn í fátækra sjóð Vestmannaeyjahrepps, en hinn til uppljóstrarmanns.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1893, og kunngjörist öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 20. maí 1893.

Kristján Jónsson

settur.

45 Brjef landshöfðinga til beggja amtmanna um nýtt form fyrir tollreikning- 18. maí um. — 1.—2. Jafnframt því að senda yður hjermeð, herra amtmaður, hjálögð form fyrir tollreikningum og skilagreinum fyrir tolli, sem prentuð munu verða í B.-deild Stjórnartíðindanna, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir alla reikningshaldara í ömtum yðar, að fylgja fyrirmyndum þessum nákvæmlega eptirleiðis við tilbúning tollreikninganna; fyrirmyndin fyrir reikningnum hefur einkum þá nýjung að geyma, að tekjuhlíðin er leyst upp eptir tollhlíðum innanstyrks, en utanstryks eru tollarnir að eins þrír, eins og áður hefur verið. Fyrirmyndin fyrir skilagreininum er mjög lítið breytt frá því formi, er nú víðast er komið á. Jafnframt skal það tekið fram, að bæði reikningurinn og skilagreinin eiga að vera tvírituð, og eiga þau fylkiskjöl að fylgja, sem nú skal greina:

1. Frumtollskrárnar eða frumrit vöruskráanna, sem skipin hafa meðferðis eptir lögum 15. apríl 1854, 8. gr. Ef fleiri en einn heimtar toll af sama skipi, þá ber hinum síðasta að láta frumtollskrána fylgja reikningi sínum, en hinum fyrri ber að senda staðfestan útdrátt, eins og áður hefur tíðkast, með reikningum sínum.

2. Þau skjöl og skilríki, sem getið er um í dómsmálastjórnarbrjefi 13. apríl 1872, 2. gr. 2—6 lið, og gildir þar sama um innheimtu kaffi- og sykur-tollsins, eins og um innheimtu vinfangatollsins.

3. Þau vottorð lögreglustjóra, sem gjört er ráð fyrir í lögum 11. febr. 1876, 2. og 3. gr.

4. Vottorð frá þeim, er veita móttöku tóbaki og vindlum.

5. Eptirrit eða sekunda af ávísunum, þegar tollurinn er borgaður með ávísun til aðalfjehirzlu.

Öll fylgiskjölin mega vera einrituð.